


Rekstraröryggi er stjórnunarákvörðun



Ástandsgreining sem stjórnntæki í rekstri og viðhaldi

Rekstraröryggi byggir ekki á tilviljunum heldur upplýstum ákvörðunum.

Í rekstri þar sem búnaður er hannaður til áratuga notkunar eykst áhætta með tímanum ef viðhald byggir eingöngu á viðbrögðum við bilunum.

Með markvissri ástandsgreiningu er hægt að greina frávik tímanlega, draga úr óvæntum stoppum og skapa meiri fyrirsjáanleika í rekstri.

30 ára reynsla

Frá árinu 1995 hefur HD komið að hönnun, smíði og rekstri á um 130 djúpdælum á Íslandi sem gegna lykilhlutverki í hitaveitum og orkuframleiðslu. Flestar eru enn í stöðugum rekstri.

Þekking okkar spannar alla virðiskeðjuna, frá hönnun til niðursetningar, gangsetningar, reksturs og langtíma viðhalds. HD er því ekki einungis birgi búnaðarins, heldur traustur samstarfsaðili hitaveitna í langtímarekstri, með skýra áherslu á áhættulækkun, fyrirsjáanleika og stöðugt afhendingaröryggi.

HD er því ekki einungis birgi búnaðarins, heldur traustur samstarfsaðili hitaveitna í langtímarekstri, með skýra áherslu á áhættulækkun, fyrirsjáanleika og stöðugt afhendingaröryggi.

Við bjóðum

- Hönnun og val á dælu- og lagnakerfum
- Niðursetning og gangsetning
- Mælingar og eftirlit (rafstraumur, titringur, flæði, hiti, þrýstingur, vatnsborð)
- Ástandsgreining með gagnadrifinni greiningu og gervigreind

Viðbragðsviðhald er dýrasta leiðin

Innviðir sem eru hannaðir til áratuga notkunar láta óhjákvæmilega á sjá með tímanum.

Ef viðhald byggir fyrst og fremst á viðbrögðum við bilunum eykst kostnaður, rekstraráhætta og hættu á þjónusturofi.

➤ **Óskipulagt stopp kostar margfalt meira en skipulagt viðhald.**

Ekki aðeins í beinum kostnaði – heldur í óvissu og stjórnunarlegri áhættu.



Ástandsgreining er ekki bara tæknibúnaður – heldur stjórnæki í rekstri.

Með því að greina frávik tímanlega er hægt að færa viðhald úr viðbragðsdrifnu formi yfir í ástandsdrifið, draga úr rekstraráhættu og auka fyrirsjáanleika.

Spurningin sem skiptir máli: Hvað kostar að missa dælu í miðju kuldakasti?

Þegar heitavatnsdæla stoppar er það ekki bara tæknilegt atvik. Það er rekstraráhætta með samfélagslegum og fjárhagslegum afleiðingum. Það getur haft í för með sér frost í lögnum, heitavatnsleysi og verulegan samfélagslegan og fjárhagslegan kostnað.

- Frost í lögnum
- Heitavatnsleysi
- Óvæntur kostnaður
- Áhrif á orðspor

➤ **Viðbragðsdrifið viðhald:**

- Óvænt stopp
- Hærri kostnaður
- Minni stjórn

➤ **Ástandsdrifið viðhald:**

- Fyrirsjáanlegar aðgerðir
- Lægri líftímakostnaður
- Meiri rekstraröryggi

